



HVERAGERÐISBÆR

Hönnunarhópur nýrrar Hamarshallar

Hveragerði 22.08.2022

Inngangur.

Á bæjarstjórnarfundum 18. júlí síðastliðinn ákvað bæjarstjórn að fara af stað með hönnun og alútboð á nýrri Hamarshöll í stað þeirrar sem fauk 22. febrúar sl. og ákveðið var að ný höll verði fullleinangrað stálgrindarhús eða sambærilegt. Bæjarstjórn skipaði auk þess í hönnunarhóp til að koma með tillögur varðandi hönnun hússins og fyrirkomulag á allri aðstöðu við Hamarshöll.

Hópurinn skipa:

Jóhanna Margrét Hjartardóttir, menningar- og frístundafulltrúi

Jón Friðrik Matthíasson, byggingafulltrúi

Þorsteinn T. Ragnarsson, stjórn Íþróttafélagsins Hamars

Sandra Sigurðardóttir, formaður bæjarráðs

Halldór Benjamín Hreinsson, varaformaður bæjarráðs

Andri Helgason, formaður Menningar-, íþrótt- og frístundanefndar

Arnar Ingi Ingólfsson, formaður skipulags- og mannvirkjanefndar

Hlynur Kárasen, fulltrúi í skipulags- og mannvirkjanefnd

Aníta Líf Aradóttir fulltrúi D-listans

Alda Pálsdóttir bæjarfulltrúi D-listans

Tillögur hönnunarhóps.

Haldnir voru fjórir fundir og ýmsar tillögur ræddar varðandi framtíðar uppbyggingu Hamarshallar og óskar hópurinn eftir að ný hamarshöll rúmi eftirfarandi:

1. Knattspyrnuvöll í sömu stærð og núverandi völl.
2. Fjölnota íþróttagólf í sömu stærð og núverandi íþróttagólf
3. Vandaða fimleikaaðstöðu ca 650m²
4. Búningsaðstöðu með sturtum
5. Veglega móttöku/anddyri
6. Skrifstofu og fundarrými
7. Áhorfendastúkur fyrir 400 – 600 manns sem snýr að fjölnotagólfi
8. Aðstöðu fyrir gólfara svipað og núverandi aðstaða (8 holu puttuvöll)
9. Styrktarþjálfun / lyftingaaðstaða
10. Starfsmanna aðstaða
11. Tæknirými
12. Geymslurými í tengslum við búnað Hamarshallar
13. Salerni

Til viðbótar leggur hönnunarhópurinn til að:

- A) Húsinu verði í meginráttum skipt upp í stórspennta einfalda íþróttahöll sem rúmar knattspyrnuvöll, fjöllnotagólf, fimleikaaðstöðu og hinsvegar þjónustuhús (t.d. kálf) norðan við höllina sem rúmar öll önnur stoðrymi, og tryggir góða tengingu við bílastæði og framtíðar úti íþróttasvæði, norðan við höllina.
- B) Knattspyrnuvöllur verði kaldara rými (10-18 gr)
- C) Hægt verði að nýta húsið til stærri viðburða svo sem tónleika
- D) Húsið verði frekar einfalt og hagkvæmt í byggingu.
- E) Hægt verði að bjóða verkið út í tveim áföngum.
- F) Hópurinn leggur auk þess til að byggingar og mannvirkjafulltrúa verði falið að fá ráðgjafa, arkitekt og verkfræðing að verkinu til að vinna þarfagreiningu nánar og útbúa alútboðsgögn í samráði við bæjaryfirvöld.

Gert í Hveragerði 22.08.2022

ALA
SS.
Hle
AH
jmt
[Signature]
[Signature]
[Signature]